# REGLUGERÐ

## um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af þeim landbúnaðarvörum sem falla undir tollskrárnúmer sem upp eru talin í 3. gr., skv. eftirfarandi gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 37% af tollverði í vörulið 1905.

2. gr.

Fjárhæð gjaldanna grundvallast á mismun á innlendu og erlendu viðmiðunarverði eftirfarandi landbúnaðarafurða:

| Landbúnaðarhráefni | Innlent viðmiðunarverð kr/kg | Erlent viðmiðunarverð kr/kg |
|---|---|---|
| Smjör | 275,00 | 63,75 |
| Smjör, óniðurgreitt | 956,67 | 63,75 |
| Mjólkurduft | 233,42 | 73,36 |
| Undanrennumjöl, óniðurgreitt | 306,85 | 64,43 |
| Ostur | 444,86 | 139,06 |
| Egg, skurnlaus | 168,80 | 58,27 |
| Nautgripakjöt, beinlaust | 550,20 | 166,63 |
| Kindakjöt, beinlaust | 486,20 | 106,04 |
| Svínakjöt, beinlaust | 453,70 | 113,21 |
| Kjúklingakjöt, beinlaust | 651,50 | 76,15 |

3. gr.

Fjárhæð gjaldanna eftir tollskrárnúmerum er eftirfarandi:

| Tollskrárnúmer | Verðjöfnunargjald kr/kg |
|---|---|
| 0402.1000 | 160 |
| 0403.1001 | 65 |
| 0403.1003 | 34 |
| 0403.9001 | 28 |
| 0403.9002 | 28 |
| 0403.9003 | 28 |
| 0403.9004 | 107 |
| 0403.9009 | 182 |
| 0405.0000 | 258 |
| 0406.2000 | 389 |
| 0406.3000 | 313 |
| 0406.9000 | 245 |
| 0408.1100 | 680 |
| 0408.1900 | 335 |
| 0408.9100 | 644 |
| 0408.9900 | 153 |
| 1602.4900 | 113 |
| 1901.2023 | 99 |
| 1901.2024 | 68 |
| 1902.2022 | 58 |
| 1902.2041 | 55 |
| 1902.3022 | 58 |
| 1902.3041 | 55 |
| 1902.4022 | 58 |
| 1905.9051 | 99 |
| 1905.9059 | 68 |
| 2202.9001 | 42 |

4. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

5. gr.

Skil á innheimtu verðjöfnunargjalds skv. reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum reglugerðar nr. 530/1975 um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir eða sé ekki í samkeppni við samskonar innlenda vöru eða vörulíki.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 34/1994 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 574/1994.

Gjaldtaka af tollskrárnúmerum 0408.1100, 0408.1900, 0408.9100 og 0408.9900 skal þó ekki hefjast fyrr en 15. febrúar 1995.

*Landbúnaðarráðuneytið, 27. janúar 1995.*

F. h. r.
**Guðmundur Sigþórsson.**

*Sveinbjörn Eyjólfsson.*

Nr. 67 27. janúar 1995

# AUGLÝSING

**um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.**

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærra en 46% af tollverði vöru í vöruliðum 1806 og 1901, og aldrei hærra en 37% af tollverði vöru í vörulið 1905.

| Tollskrárnúmer | kr/kg | Tollskrárnúmer | kr/kg |
|---|---|---|---|
| 1806.2009 | 55 | 1901.2019 | 5 |
| 1806.3101 | 59 | 1901.2022 | 42 |
| 1806.3109 | 59 | 1901.2029 | 55 |
| 1806.3202 | 55 | 1902.1100 | 13 |